



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

Samþykktir Félags eldri borgara á Akureyri

Félagið var stofnað 3. október 1982

1. gr.

Nafn og heimili

Félagið heitir Félags eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Starfssvæði þess er Akureyri og nágrenni. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er ebak.is og netfang er ebakureyri@gmail.com.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk félagsins er að vinna að félags- og hagsmunamálum eldri borgara svo sem:

- a) með skemmtanahaldi, ferðalögum og fræðslu af ýmsum toga.
- b) með margþættri heilsueflingu.
- c) með kynningu á réttindum og skyldum eldri borgara í samfélaginu.
- d) með úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara, atvinnumálum og efnahagsmálum.
- e) með aðild að öldungaráði Akureyrarbæjar og hafa á annan hátt samskipti við þá aðila sem annast málefni er varða hagsmuni eldri borgara.
- f) með því að vinna að öðrum þeim verkefnum sem stjórnin telur ástæðu til að félagið annist.

3. gr.

Félagar

- a) Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir sem náð hafa 60 ára aldri
- b) Árgjald komandi árs er ákveðið á aðalfundi. Félagar 90 ára og eldri greiða ekki árgjald.
- c) Haldin skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagsmenn sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í EBAK. Einnig skrá yfir gjaldfría féлага 90 ára og eldri.
- d) Einstaklingar og fyrirtæki geta orðið styrktarfélagar.

4. gr.

Ársreikningar

- a) Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- b) Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins einni viku fyrir boðaðan aðalfund.

5. gr.

Stjórnskipan

- a) Stjórn félagsins skipa sjö menn og þrjú til vara.
- b) Kjörtímabil aðalstjórnar er tvö ár. Formaður er kosinn sérstaklega annað hvert ár. Á hverjum aðalfundi skal kjósa þrjú aðalmenn til tveggja ára. Varamenn eru kosnir til eins árs. Hætti stjórnarmaður á miðju kjörtímabili skal, þrátt fyrir ofangreint ákvæði, kjósa eftirmann hans til eins árs. Stjórn ákveður röð varamanna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.
- c) Sama einstakling má aðeins kjósa samfelld í fjögur ár til setu í aðalstjórn, sama regla gildir um kjör í varastjórn. Formaður félagsins getur þó setið í fjögur ár í því embætti þrátt fyrir að hann hafi verið í stjórn áður.



- d) Stjórn félagsins velur fulltrúa á landsfund Landssambands eldri borgara (LEB). Velja skal jafnmarga fulltrúa og félagið á rétt á hverju sinni og jafn marga til vara í raðaðri röð. Formaður félagsins er sjálfkjörinn.
- e) Þegar kosið er í stjórn, nefndir, öldungaráð, fulltrúa á landsfund LEB o.fl. skal leitast við að gæta kynjajafnréttis (kynjahlutfalls).

6. gr.

Aðalfundur

- a) Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundi er þó óheimilt að samþykkja fjárskuldbindingar sem ekki hafa áður hlotið umfjöllun í stjórn félagsins.
- b) Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- c) Aðalfundur skal halda ár hvert fyrir 1. apríl og boða til hans með auglýsingu í fjölmiðlum, á heimasíðu félagsins eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.
- d) Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé ákveðið í samþykktum þessum.
- e) Dagskrá aðalfundar:
 - a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 - b) Skýrsla stjórnar og úrtak úr skýrslum fastra nefnda félagsins um starfsemina á liðnu ári.
 - c) Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar félagsins.
 - d) Umræður um skýrslur og ársreikninga. Afgreiðsla ársreikninga.
 - e) Aðrar nefndir leggja fram skýrslur og gera grein fyrir störfum sínum. Umræður.
 - f) Breytingar á samþykktum.
 - g) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.
 - h) Fjárhagsáætlun lögð fram.
 - i) Kosningar skv. 5., 9., 10., 11. og 12. gr. eftir því sem við á.
 - j) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.
 - k) Önnur mál.

7. gr.

Verkefni stjórnar

- a) Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera. Þessir þrjú aðilar ásamt formanni skipa framkvæmdaráð innan stjórnar. Ráðið skal skráð sem raunverulegir eigendur EBAK.
- b) Formaður stýrir jafnan fundum stjórnar en er heimilt að tilnefna annan stjórnarmann sem fundarstjóra á einstökum fundum.
- c) Stjórn félagsins ræður málum milli aðalfunda. Hún tekur ábyrgð á fjárreiðum þess og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera næg til þess. Stjórnin skal þó bera stærri mál undir almennan félagsfund.
- d) Stjórnarfundur skal formaður boða tryggilega. Stjórnarfundur er lögmætur ef meiri hluti stjórnar er viðstaddur. Boða skal varamenn sem hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt.
- e) Rita skal fundargerðir stjórnarfunda og senda til stjórnarmanna. Fundargerð skal borin upp til samþykktar í síðasta lagi á næsta formlega stjórnarfundum.



8. gr.

Almennir félagsfundir

- a) Stjórn félagsins skal boða til almennra félagsfunda þegar henni þurfa þykir. Félagsfundur skal boða með minnst einnar viku fyrirvara með auglýsingu í fjölmiðlum. Þó er stjórninni heimilt að boða fund með skemmri fyrirvara þegar mikið liggur við. Félagsfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- b) Öll meiriháttar mál er varða stefnu og starfsemi félagsins eða hafa í för með sér verulegar fjárhagslegar skuldbindingar eða frávik frá hlutverki þess sbr. 2. gr., skal stjórnin bera undir félagsfund og skulu þau kynnt í fundarboði.
- c) Stjórninni er skylt að halda félagsfund þegar minnst 3% skráðra félagsmanna fara fram á það.

9. gr.

Fastanefndir og aðrar nefndir

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
 - b) Fræðslunefnd
 - c) Skemmtinefnd
 - d) Spilanefndir: Keppnisbridds og félagsvist
 - e) Heilsuefning: Göngunefnd, golfnefnd, dansklúbbur, gönguklúbbur o.fl.
 - f) Uppstillinganefnd
- a) Allir nefndamenn eru kosnir árlega nema í uppstillinganefnd sbr. 10. gr. Stjórn félagsins ákveður fjölda fulltrúa í nefndum í samráði við þær. Sama aðila má aðeins kjósa samfelt í fjögur ár í sömu fastanefnd. Sami einstaklingur getur aðeins verið fulltrúi í einni fastanefnd á sama tíma. Gæta skal þess að ekki sé skipt um alla nefndamenn í einhverri nefnd á sama aðalfundi. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá fjögurra ára reglunni hvað varðar setu aðila í stjórn og nefndum ef brýna nauðsyn ber til.
 - b) Allar nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins skulu starfa sem mest sjálfstætt en þær bera ábyrgð á fjármálum sínum gagnvart stjórn félagsins hverju sinni. Þær kjósa sér formann og geta hvatt sér til aðstoðar fleiri félaga ef þeim þykir henta, þótt aðalfundur hafi kosið vissan fjölda til starfans. Allar nefndir og hópar skulu vinna eftir starfslýsingum sem unnar eru í samráði við stjórn. Komi upp ágreiningur innan nefndar þannig að hún verði óstarfhæf skal þeim ágreiningi vísað til stjórnar sem þá tekur endanlega ákvörðun máls þess er um er að ræða.
 - c) Formönnum nefnda ber að sjá til þess að stjórn félagsins berist reglulega fundagerðir og skýrslur um starfsemina. Formenn nefnda eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefnd þeirra er á dagskrá.
 - d) Kór eldri borgara, Í fínu formi, starfar sem deild innan EBAK.

10. gr.

Uppstillinganefnd

- a) Kosið er árlega í uppstillinganefnd á aðalfundi félagsins. Annað árið eru kosnir tveir fulltrúar og hitt árið þrír fulltrúar. Á fyrsta fundi nefndarinnar eftir aðalfund kýs hún sér formann og ritara. Stjórn félagsins leggur fram tillögu á aðalfundi um aðila í nefndina. Einnig er félögum heimilt að tilnefna aðila.



- b) Hlutverk uppstillinganefndar er að leggja fram lista á aðalfundi um aðila í stjórn og fastanefndir félagsins. Þá leggur nefndin fram tillögu um tvo skoðunarmenn reikninga félagsins í samráði við stjórn.
- c) Nefndin skal auglýsa í fjölmiðlum og á heimasíðu félagsins ebak.is eftir fólki til starfa í stjórn og nefndum félagsins. Félagar geta einnig komið tilnefningum og/eða uppástungum um aðila í stjórn og nefndir á framfæri við nefndina.
- d) Tillögur uppstillinganefndar um aðila í stjórn og nefndir félagsins skulu liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins og á heimasíðunni ebak.is minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Tillögur félaga í stjórn og nefndir skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en viku frá því að uppstillinganefnd leggur tillögur sínar fram á opnunartíma skrifstofu og á heimasíðu félagsins.
- e) Berist ekki tillögur um fleiri aðila en kjósa skal á aðalfundi þegar frestur til að skila inn tillögum er útrunninn teljast þeir sjálfkjörnir.

11. gr.

Öldungaráð

- a) Félag eldri borgara á Akureyri kys 3 fulltrúa og 3 til vara til setu í Öldungaráði samkvæmt 38. grein laga nr. 40/1991 með áorðnum breytingum. Kosningin skal fara fram sama ár og bæjarstjórnarkosningar og skal lokið eigi síðar en á aðalfundi félagsins það ár. Kosningarétt og kjörgengi hafa skráðir félagar á kjördegi.
- b) Séu ekki fleiri í kjöri en kjósa skal skoðast þeir sjálfkjörnir. Kjörtímabil fulltrúa félagsins er það sama og fulltrúa bæjarins þ.e. 4 ár. Sami aðili má ekki sitja lengur samfellt í öldungaráði en 8 ár.
- c) Stjórn félagsins skipar þriggja manna kjörnefnd, sbr. 12 gr. sem sér um undirbúning og framkvæmd á kosningu fulltrúa félagsins í öldungaráð. Nefndin starfar í samráði við stjórn sem setur henni starfslýsingu.

12. gr.

Kjörnefnd og stjórnarkjör

- a) Ef kjósa þarf í stjórn félagsins, nefndir og/eða öldungaráð skal stjórn félagsins skipa þrjá menn í kjörnefnd til starfa við viðkomandi kosningar og setur henni formann.
- b) Kjörnefndin hefur umsjón með kosningum á aðalfundi og í öldungaráð, annast kynningu, talningu og aðra framkvæmd samkvæmt samþykktum félagsins.
- c) Kjör formanns félagsins fer þannig fram að settur er kross við eitt nafn. Sé aðeins einn í framboði er hann sjálfkjörinn.
- d) Kjör annarra stjórnarmanna fer þannig fram að settur er kross við nöfn þess fjölda sem kjósa skal, hvorki fleiri né færri og veldur ógildingu atkvæðis ef út af er brugðið. Það sama gildir um kosningu fulltrúa í nefndir félagsins. Hlutkesti ræður ef atkvæði verða jöfn.
- e) Nöfnum á kjörseðli skal raðað í stafrófsröð og skal fyrsta nafnið valið með útdrætti.

13. gr.

Breytingar á samþykktum

- a) Samþykktum félagsins verður aðeins breytt með tveim þriðju hlutum atkvæða á aðalfundi.



- b) Ef gera á tillögur um breytingar á samþykktum félagsins skal þess getið í fundarboði og skulu þær liggja frammi á opnunartíma skrifstofu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara.

14. gr.

Félagsslit

- a) Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal þá boða til kynningarfundar um tillöguna með minnst einnar viku fyrirvara. Sérstakur félagsslitafundur tekur síðan lokaákvörðun og skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara og skal slitatillaga sæta sömu meðferð og tillaga um lagabreytingu sbr. 12. gr.
- b) Við félagsslit skulu eigur félagsins renna til einhverra almennra hagsmunamála eldri borgara sem félagsfundur ákveður.

Ofangreindar samþykktir voru samþykktar á aðalfundi félagsins 28. mars 2023 og öðlast þegar gildi.